

Sp.

1331. Nefndarálit

[476. mál]

um till. til þál. um aðgerðir í fiskeldismálum.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá landbúnaðarráðuneytinu og Búnaðarfélagi Íslands. Nefndin hefur jafnframt fjallað um tvær aðrar tillögur um fiskeldismál, þ. e. 427. mál og 449. mál.

Ríkisstjórnin hefur að undanfögnu haft til meðferðar ýmsa þætti sem tengjast fiskeldismálum, þ. á m. fjármögnun fiskeldisfyrirtækja og undirbúning löggjafar um þetta efni. Í tillögunni eru athyglisverðar hugmyndir sem rétt er að komi til athugunar við stefnumörkun og undirbúning löggjafar um þessi mál. Nefndin telur einnig rétt, og beinir því til forsætisráðherra, að hann skipi sérstakan samráðshóp sem verði til ráðuneytis við undirbúning málsins. Í trausti þess að ríkisstjórnin hraði stefnumörkun og undirbúningi löggjafar í málinu þannig að unnt verði að leggja fyrir næsta löggjafarþing frumvarp til laga um skipan fiskeldismála, þ. á m. um eflingu og endurskipulagningu fisksjúkdómavarna, mengunarmál og rannsóknarstarfsemi, leggur nefndin til að tillögunni **verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. júní 1985.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
form., frsm.

Garðar Sigurðsson.

Kristín S. Kvaran,
fundaskr.

Þórarinn Sigurjónsson.

Jóhanna Sigurðardóttir,
með fyrirvara.

Björn Dagbjartsson.

Eggert Haukdal.